

Fríhöfnin ehf.
Stjórnarháttayfirlýsing
2018

Fríhöfnin ehf. fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja¹ og hefur tileinkað sér þá stjórnarhætti sem leiðbeiningarnar kveða á um fyrir utan að félagið hefur ekki skipað sérstakar undirnefndir, svo sem endurskoðunar-, starfskjara- og tilnefningarnefnd.

Eftirfarandi stjórnarháttayfirlýsing Fríhafnarinnar á við um árið 2018 og er birt með ársreikningi félagsins. Stjórnarháttayfirlýsingin er einnig aðgengileg á vefsíðu félagsins www.dutyfree.is.

Starfsemi Fríhafnarinnar:

Fríhöfnin ehf. er einkahlutafélag í 100% eigu Isavia ohf. Isavia er opinbert hlutafélag sem annast meðal annars rekstur, viðhald og uppbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þ.m.t. rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á flugvallarsvæðinu. Fjármálaráðherra fer með hlut ríkisins í móðurfélaginu, Isavia. Fríhöfnin er hluti af samstæðu Isavia.

Fríhöfnin rekur verslanir með tollfrjálsan varning í Flugstöð Leifs Eiríkssonar samkvæmt rekstrarleyfissamningi við móðurfélagið Isavia. Um er að ræða verslun þar sem áhersla er á dæmigerðar fríhafnarvörur, svo sem áfengi, tóbak, sælgæti og snyrtivörur. Fríhöfnin rekur fjórar verslanir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, tvær fyrir brottfararfarþega, eina fyrir farþega til landa utan Schengen svæðis og eina fyrir komufarþega.

Stjórnkerfi Fríhafnarinnar tekur mið af lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994, samþykktum félagsins, eigendastefnu og starfsreglum stjórnar. Lög um einkahlutafélög má finna á vefsíðu Alþingis: www.althingi.is. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 5. útgáfu 2015, má finna á vefsíðunni www.leidbeiningar.is.

Fríhöfnin birtir á vefsíðu sinni ýmsar reglur félagsins og annað efni sem leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja gera ráð fyrir að félög birti. Þar má m.a. finna samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar, stjórnarháttayfirlýsingu, starfskjarastefnu, siðareglur, jafnréttisáætlun og innkaupastefnu.

Fríhöfnin er þjónustufyrirtæki sem leggur áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu. Gildi félagsins eru ÞJÓNUSTA – VIRÐI – UPPLIFUN.

Fríhöfnin hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar á undanförunum árum, svo sem í starfsmenntamálum, fyrir að vera besta fríhöfn Evrópu, fjölskylduvænt fyrirtæki og framúrskarandi fyrirtæki skv úttekt Creditinfo. Árið 2018 störfuðu hjá félaginu að meðaltali 247 manns á mánuði í 197 stöðugildum.

Samskipti hluthafa og stjórnar:

Einn hluthafi, Isavia ohf., á alla hluti félagsins og fer forstjóri Isavia með hluthafavaldið. Aðalfundarboð og eftir atvikum boð á aðra hluthafafundi er sent til forstjóra Isavia. Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum Fríhafnarinnar í samræmi við lög og samþykktir félagsins, en þar ber hluthafinn upp mál sem varða félagið. Hluthafafundir eru hinn formlegi vettvangur eiganda að málefnum félagsins. Önnur samskipti við hluthafa félagsins eru í samræmi við eigendastefnu Fríhafnarinnar. Aðalfundur Fríhafnarinnar skal halda fyrir lok ágústmánaðar ár hvert og eru þar tekin fyrir mál sem lög og samþykktir félagsins kveða á um. Á aðalfundi fer fram kosning stjórnar félagsins, lagður er fram endurskoðaður ársreikningur fyrir liðið ár, þóknun til stjórnar ákveðin, tillögur stjórnar um starfskjarastefnu og ákvörðun tekin um ráðstöfun hagnaðar eða taps félagsins. Aðalfundur Fríhafnarinnar árið 2018 var haldinn þann 5. apríl.

Samþykktir:

Samþykktir eru hluti af stofnskjöllum hlutafélaga. Gildandi samþykktir Fríhafnarinnar voru samþykktar á aðalfundi félagsins 5. apríl 2018 og geyma m.a. reglur um tilgang félagsins, hlutafé, hluthafafundi, stjórn, ársreikninga og endurskoðun.

¹ 5. útgáfa, dags. í maí 2015, útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Eigendastefna:

Isavia hefur sett Fríhöfninni eigendastefnu í þeim tilgangi að skýra ábyrgð og hlutverk eiganda og tryggja þátttöku hans í ákvörðunum um mikilvæg málefni og stefnumörkun. Eigendastefnunni er ætlað að tryggja gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun félagsins. Eigendastefnan er birt á vefsíðu Fríhafnarinnar (www.dutyfree.is).

Stjórn:

Í stjórn Fríhafnarinnar sitja fimm aðalmenn kjörnir af hluthafa til eins árs í senn. Isavia tilnefni stjórnarmenn til stjórnarsetu. Kynjahlutfall í stjórn er 60% konur og 40% karlar. Tveir stjórnarmenn teljast vera óháðir eigandanum, einn stjórnarmaður var starfsmaður Isavia meiri hluta starfsársins, einn stjórnarmaður á sæti í stjórn Isavia og einn er varamaður í stjórn Isavia. Upplýsingar um stjórnarmenn er að finna aftar í yfirlýsingu þessari.

Starfsreglur stjórnar:

Stjórn Fríhafnarinnar hefur sett sér starfsreglur þar sem helstu verkefni og valdsvið stjórnar og framkvæmdastjóra eru skilgreind. Gildandi starfsreglur stjórnar eru dagsettar 29. maí 2018. Þar er meðal annars fjallað um skipan og verkaskiptingu stjórnar, reglur um almennt og sérstakt hæfi stjórnarmanna, verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra, ákvörðunarvald stjórnar, fundarsköp og fundargerðir, þagnar- og trúnaðarskyldu og upplýsingagjöf til stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn Fríhafnarinnar fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Stjórn skal gæta hagsmuna félagsins og haghafa þess í hvívetna og tryggja framkvæmd eigendastefnu félagsins. Stjórn ber að stuðla að viðgangi félagsins og tryggja árangur þess til lengri tíma litið. Stjórn setur félaginu markmið í samræmi við tilgang þess og mótar stefnu þess í samstarfi við framkvæmdastjóra. Stjórn ræður framkvæmdastjóra. Stjórn samþykkir árlegar fjárhags- og starfsáætlanir sem framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að undirbúa og gera tillögur um. Stjórn hefur reglubundið eftirlit með því að framkvæmdastjóri fylgi áætlunum eftir. Stjórn tekur meiriháttar ákvarðanir í rekstri félagsins og sér um að félagið sé rekið í samræmi við lög og reglur sem félaginu ber að fylgja.

Stjórn Fríhafnarinnar hefur skilgreint helstu áhættuþætti í rekstrinum. Ýmsir eftirlitspættir eru starfræktir í því skyni að uppgötva, fyrirbyggja og leiðrétta hugsanleg mistök og sviksemi sem geta haft áhrif á rekstur félagsins. Á árunum 2016-2019 hafa ýmsir verkferlar verið yfirfarnir með hliðsjón af áhættu í starfsemi og unnið að því að formgera umgjörð áhættustýringar og innra eftirlits. Félagið hefur ekki innri endurskoðanda en ytri endurskoðendur félagsins vinna afmarkaðar úttektir á ferlum félagsins og auk þess hafa utanaðkomandi aðilar verið fengnir til að gera sérstakar úttektir skv ósk og ákvörðun stjórnar.

Stjórnarformaður hefur tilteknu hlutverki að gegna sem mælt er fyrir um í starfsreglum stjórnar Fríhafnarinnar og gert er ráð fyrir að hann sinni sbr. áður nefndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórn Fríhafnarinnar hefur ekki skipað undirnefndir líkt og leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja mælast til að gert sé. Í ljósi eignarhalds félagsins þykir ekki ástæða til þess að skipa tilnefningarnefnd en hluthafi félagsins tilnefni stjórnarmenn. Stjórn félagsins hefur ákveðið að stjórnin í heild skuli fjalla um þau verkefni sem endurskoðunarnefnd eru almennt falin en auk þess hefur stjórn Isavia skipað endurskoðunarnefnd sem nær að hluta yfir dótturfélög. Þá hefur stjórn Isavia skipað starfskjaranefnd sem undirbýr tillögu til stjórnar um viðmið og ramma fyrir laun og önnur starfskjör forstjóra og framkvæmdastjóra dótturfélaga. Að öðru leyti fjallar stjórnin í heild um þau mál sem almennt eru á borði starfskjaranefnda.

Á árinu 2018 voru haldnir 10 stjórnarfundir og var stjórnin ávallt ákvörðunarþær. Á 4 fundum var um að ræða forföll af hálfu stjórnarmanns. Starfsáætlun stjórnar liggur fyrir að aðalfundi loknum. Fundarboð eru send út samkvæmt starfsáætlun og dagskrá fundar er send út u.þ.b. viku fyrir fund ásamt áminningu um fund. Stjórnarformaður stýrir fundum og gegnir þeim skyldum sem lög og starfsreglur

stjórnar kveða á um. Auk stjórnar og framkvæmdastjóra situr fjármálastjóri almennt fundi stjórnar og fundarritari ritar fundargerðir. Stjórn staðfestir og ritar undir fundargerðir ásamt fundarritara. Fundargerðir stjórnar eru aðgengilegar í gagnaherbergi stjórnar.

Starfsreglur stjórnar eru birtar á vefsíðu félagsins www.dutyfree.is.

Starfskjarastefna:

Stjórn hefur sett félaginu starfskjarastefnu sem er lögð fyrir aðalfund félagsins til samþykktar. Starfskjarastefna er endurskoðuð árlega og er birt á vefsíðu félagsins www.dutyfree.is.

Árangursmat:

Stjórn Fríhafnarinnar metur störf sín með reglubundnum hætti. Við matið er fjallað um verklag og starfshætti, framgang félagsins og frammistöðu framkvæmdastjóra. Árangursmat felur meðal annars í sér að stjórnin leggur mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugar að þeim hlutum sem hún telur að betur megi fara.

Stjórn Fríhafnarinnar framkvæmdi formlegt árangursmat undir stjórn utanaðkomandi ráðgjafa vegna starfa sinna á árinu 2018 í febrúar 2019.

Ársreikningar og ytri endurskoðun:

Reikningsár Fríhafnarinnar er almanaksárið. Ársreikninga félagsins má nálgast hjá Ársreikningaskrá. Ársreikningur Fríhafnarinnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og lög um ársreikninga, nr. 3/2006. Móðurfélag Fríhafnarinnar, Isavia ohf. gefur út samstæðureikningsskil í samræmi við reglur laga um ársreikninga, nr. 3/2006. Ársreikningur samstæðunnar er birtur á vef Isavia.

Í samræmi við lög um einkahlutafélög og samþykktir Fríhafnarinnar er endurskoðunarfélag fyrirtækisins kosið á aðalfundi. Á síðasta aðalfundi félagsins hinn 5. apríl 2018 var Deloitte kosið endurskoðunarfélag Fríhafnarinnar.

Skipan stjórnar Fríhafnarinnar 2018-2019:

Ragnheiður Elín Árnadóttir, stjórnarformaður Fríhafnarinnar frá apríl 2018, er fædd 1967. Ragnheiður er stjórnsmálafræðingur frá Háskóla Íslands 1991 og með MSFS gráðu í alþjóðasamskiptum frá Georgetown University í Washington D.C. 1994.

Ragnheiður Elín sat í stjórn Landsvirkjunar 2017-2018, er Senior Fellow við bandarísku hugveituna Atlantic Council og sinnir ýmsum ráðgjafastörfum. Ragnheiður sat á Alþingi frá 2007-2016 og var iðnaðar- og viðskiptaráðherra frá 2013-2017. Áður starfaði Ragnheiður sem aðstoðarmaður forsætisráðherra (2006-2007), aðstoðarmaður utanríkisráðherra (2005-2006) og aðstoðarmaður fjármálaráðherra (1998-2005). Ragnheiður starfaði hjá Útflutningsráði Íslands frá 1995-1998, sem viðskiptafulltrúi í New York og verkefnisstjóri í Reykjavík. Hún var framkvæmdastjóri Íslensk ameríska verslunarráðsins (1996-1997).

Ragnheiður Elín var kjörin í stjórn Fríhafnarinnar í apríl 2018. Hún telst óháð félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Fríhafnarinnar.

Guðný María Jóhannsdóttir, varaformaður stjórnar Fríhafnarinnar, er fædd árið 1980. Guðný María er með stúdentspróf frá Verkmenaskólanum á Akureyri og B.Sc. próf frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst. Síðasta árið í námi sínu á Bifröst stundaði Guðný María við Viðskiptaháskóla í Otaru í Japan. Guðný María starfaði á Keflavíkurflugvelli frá árinu 2004, fyrst sem verkefnastjóri á fjármálasviði hjá Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf., 2008 tók Guðný María við starfi markaðsstjóra flugstöðvarinnar og árið 2009 við starfi framkvæmdastjóra Viðskiptasviðs Keflavíkurflugvallar ohf. Frá árinu 2010-2018 sinnti Guðný María verkefnum á sviði viðskiptapróunar hjá Isavia og starfaði sem aðstoðarframkvæmdastjóri Þróunar og stjórnunar þegar hún lét af störfum hjá Isavia um mitt ár 2018. Guðný María situr í stjórn Íslenskra Fjallaleiðsögumanna auk þess að vera í stjórn Samtaka Atvinnurekenda á Reykjanesi.

Guðný María var kjörin í stjórn Frihafnarinnar í maí 2014. Hún var starfsmaður Isavia og telst hvorki óháð félaginu né hluthafa þess. Engin önnur hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Frihafnarinnar.

Matthías Imsland er fæddur 1974. Hann er stjórn málafræðingur með MS próf frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð. Þá hefur hann stundað nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og stjórnunarnám við North Park University í Chicago í Bandaríkjunum. Matthías var aðstoðarmaður forsætisráðherra árið 2016, félags- og húsnæðismálaráðherra 2013-15 og ráðgjafi fyrir fyrirtæki í Suður-Ameríku og Skandinavíu. Matthías var um tíma framkvæmdastjóri rekstrarsviðs flugfélagsins WOW-air og fyrir stofnun þess var hann forstjóri Iceland Express.

Matthías var kosinn í stjórn Frihafnarinnar í maí 2014. Matthías er stjórnarmaður Isavia og telst því ekki óháður hluthafa félagsins. Engin önnur hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Frihafnarinnar.

Sigrún Traustadóttir er fædd 1962. Sigrún er viðskiptafræðingur og lauk MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík 2013. Hún lauk diplómanámi í Viðurkenndir stjórnarmenn frá Háskóla Íslands 2016. Frá hausti 2010 hefur Sigrún starfað sjálfstætt, m.a. við ráðgjöf um fjárhagslega endurskipulagningu. Sigrún var framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs Flugstöða, áður Flugmálastjórnar Íslands 1995-2010. Sigrún sat í stjórn Flugfjarskipta frá stofnun 2004–2009. Hún sat í stjórn Isavia 2014-17 og hefur verið varamaður í stjórn frá 2017.

Sigrún var kosin í stjórn Frihafnarinnar á aðalfundi 2017. Sigrún er varamaður í stjórn Isavia og telst því ekki óháð hluthafa félagsins. Engin önnur hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Frihafnarinnar.

Vilmundur Jósefsson er fæddur 1949. Vilmundur er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1975 og viðurkenndur leiðsögumaður frá Háskóla Íslands 2015. Vilmundur er framkvæmdastjóri Svartár ehf. Hann hefur m.a. setið í stjórn og verið formaður Samtaka iðnaðarins (2000-2006) og Samtaka atvinnulífsins (2009-2013). Vilmundur situr í stjórn Steinullar hf., Teris hf., Hylju ehf., Undirbúningsfélags Verðbréfamarkaðar hf., Stáss ehf. og Svartár ehf.

Vilmundur var kosin í stjórn Frihafnarinnar á aðalfundi 2017. Hann telst óháður félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Frihafnarinnar.

Framkvæmdastjóri Frihafnarinnar:

Þorgerður Þráinsdóttir er framkvæmdastjóri Frihafnarinnar. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og ákvörðun stjórnar. Daglegur rekstur nær ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Framkvæmdastjóri hefur ákvörðunarvald um öll rekstrarleg og fjárhagsleg málefni félagsins og hefur umsjón með eignum þess. Framkvæmdastjóri gerir stjórn grein fyrir starfsemi félagsins og afkomu á stjórnarfundum og ber ábyrgð gagnvart stjórn á daglegum rekstri og að í öllu sé farið eftir samþykktum félagsins, eigendastefnu, lögum og reglum.

Þorgerður er fædd 1975 og hefur verið framkvæmdastjóri Frihafnarinnar frá október 2014. Hún lauk stúdentsprófi frá Framhaldsskólanum á Húsavík og BA og Cand.Psych gráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands. Hún hefur einnig lokið PMD stjórnendanámi frá Opna háskólanum auk annarra námskeiða tengdum stjórnun og rekstri. Þorgerður starfaði hjá Lyfju hf. og var í framkvæmdastjórn félagsins frá 2003-2014 fyrst sem starfsmannastjóri og síðar sem forstöðumaður verslana- og markaðssviðs. Hún starfaði áður m.a. sem ráðgjafi hjá IBM Business Consulting Services í mannauðsmálum og rannsóknnum, sem stundakennari við HÍ og Endurmenntun HÍ og sem flugfreyja hjá flugfélaginu Atlanta.